



# LITLI SÁMUR

FRÉTTABRÉF HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

6.tbl – júní 2016

Sumardagskrá **Retrierverdeildar HRFÍ** er hafin og er mikið um að vera. Deildin hélt sitt fyrsta **hlýðniþróf** þann **5. Maí** og tóku 10 hundar þátt í bæði bronsi og hlýðni 1. Dómari var Albert Steingrímsson, prófstjóri Hildur Pálsdóttir og ritari Guðbjörg Guðmundsdóttir. Öll umgjörð prófsins gekk vel og er mikill áhugi fyrir því að standa að öðru prófi í náinni framtíð. Einnig voru **2 veiðiþróf** haldin á vegum Retrierverdeildarinnar í Maí. Annað við Tjarnhóla þar sem dómari var Kjartan Lorange og það seinna á Þrándarholti á Skeiðum þar sem Halldór G. Björnsson dæmdi.



**Fuglahundadeild HRFÍ** hefur staðið fyrir **æfingum fyrir sækiprófin í maí**, settar hafa verið upp þrjár stöðvar þar sem æfð er hlýðni, sækja/ leita og spor. Fyrsta júní bættust við vatnaæfingarnar og eru allir fuglahundar velkomnir. Skiptið kostar 500 krónur sem er fjáröflun fyrir deildina.



**Fyrirlestur um augnsjúkdóma** var haldinn á vegum **deildar íslenska fjárhundsins** og skrifstofu HRFÍ þann **20. maí**. Susanne Mølgaard Kaarsholm dýralæknir kom og sagði frá helstu augnsjúkdómum sem geta greinst í hundum. Almenn ánægja var með fundinn sem var opin öllum félagsmönnum HRFÍ. Susanne skoðaði jafnframt 163 hunda á skrifstofu félagsins í Reykjavík og í Dýrey á Akureyri þessa sömu helgi.



**Schäferdeild HRFÍ** hélt **próf í hlýðni brons** laugardaginn **21. maí** síðastliðinn. 8 hundar voru skráðir í prófið en 6 hundar mættu. Af þessum 6 náðu 5 hundar sér í bronsmerki HRFÍ sem verður að teljast glæsilegur árangur. Dómari í prófinu var Björn Ólafsson, prófstjóri var Hildur Pálsdóttir og ritari Arna Rúnarsdóttir. 2 schäferhundar mættu í prófið og náðu þeir báðir prófinu.



**Aðalfundur HRFÍ** fór fram **26. maí** í veislusal reiðhallar Spretts í Kópavogi. Úr stjórn félagsins gengu Sóley Halla Möller, Guðmundur A. Guðmundsson og Ragnhildur Gísladóttir, í þeirra stað voru kosin í aðalstjórn Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Þorsteinn Thorsteinsson og Guðbjörg Guðmundsdóttir í varastjórn. Stjórn hefur skipt með sér verkum, Daníel Hinriksson verður varaformaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari og Þorsteinn Thorsteinsson gjaldkeri.



## Á döfinni:

**Stjórn HRFÍ** tók ákvörðun um að hafa **opið hús hjá Hundaræktarfélaginu** fyrsta eða annað fimmtudagskvöld í hverjum mánuði. Þar gefst félagsmönnum kostur á að hittast og ræða málin yfir kaffibolla. Á síðasta opna fundi var fín mæting, fjölbreyttur og góður hópur mætti og ræddi saman hin ýmsu málefni. Næsta opna hús verður **fimmtudaginn 7. júlí** frá kl. 17.00-19.00. Formaður og framkvæmdastjóri verða á staðnum en formleg dagskrá verður í lágmarki.

**Fyrsta sækipróf Fuglahundadeildar** á árinu verður haldið **17. og 19. júní** næstkomandi, dómari verður hinn norski Arild Walter Hansen. Arild er með langa reynslu af að dæma sækipróf, og á og ræktar bæði síðhærða og snögghærða Vorsteh hunda. Búið er að opna fyrir skráningar í prófin og verður hægt að skrá til miðnættis miðvikudaginn 8. júní.

**Retrierverdeild HRFÍ** stendur fyrir **tvöföldu veiðiprófi** á Melgerðismelum í Eyjafjarðarsveit 11. og 12. júní. Dómari þar verður Kaj Falk Andreasen frá Danmörku.

**Helgina 25.-26. júní** verður svo **Deildarviðburður Retrierverdeildar**. Laugardaginn 25. júní fer fram **deildarsýning** á Brautarholti á skeiðum þar sem hinn norski Vidar Grundetjern mun

dæma. Skráningafrestur er til 15. júní. Sunnudaginn **26. júní** mun Sigurmon Hreinsson dæma á **veiðiprófi** á Murneyrum á Skeiðum.

**Deildarsýning deildar íslenska fjárhundsins** verður haldin í félagsheimilinu Miðgarði í Hvalfjarðarsveit þann **11. júní 2016**. 55 hundar eru skráðir til leiks og mun Henrik Søborg frá Danmörku dæma á sýningunni. Í kjölfar sýningar verður sameiginlegur kvöldmatur í félagsheimilinu.

**Skráningu á Reykjavík Winner og Alþjóðlega sýningu HRFÍ**, sem haldnar verða helgina 23.-24. júlí, lýkur föstudaginn **24. júní** næstkomandi, en frestur til að skila inn umskráningum eða gotum til að það náist á sýninguna er **10.júní**, þann sama dag er jafnframt síðasti dagur að skrá á lægra skráningagjaldinu. Sömu daga lýkur einnig skráningu á **Hvolpasýning HRFÍ og Royal Canin** en verður hún á föstudagskvöldinu 22.júlí.